

Nd.

315. Nefndarátt

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir haft mál þetta til meðferðar og rætt það itarlega. Hafa fjórir af fimm nefndarmönnum orðið einhuga nm að fylgja frv. fram. Einn nefndarmanna (H. V.) er mótfallinn þeirri breytingu, sem farið er fram á i frv. þessu. Í sambandi við frv. þetta hefir verið borið fram frv. til laga nm atkvæðagreiðslu ntankjörstaðar-kjösenda við alþingiskosningar. Hefir það frv. þegar verið til umræðu i hv. deild.

Vegna þess að kjörskrá sú, er kosið verður eftir, gengur ekki i gildi fyr en 1. júlí, er óhjákvæmilegt að breyta því ákvæði frv., að kosið verði næsta virkan dag á undan, ef 1. júlí ber upp á sunnudag, i þá átt, að kosið verði næsta virkan dag á eftir, þegar svo stendur á.

Þá er óhjákvæmilegt að fresta upptalningu atkvæða, vegna ákvæðanna i frv. nm atkvæðagreiðslu utankjörstaðar-kjösenda við alþingiskosningar. Þykir hæfilegt að ákveða þann frest 5 vikur.

Með skirskotun til framanritaðs leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna »hin fyrsti vetrardagur« i 23. gr. laganna komi: hinn 1. júlí. Ef 1. júlí ber upp á sunnudag, skal kosið næsta virkan dag á eftir.

2. Ný grein, sem verður 2. gr.

Aftan við 46. gr. bætist: Talning atkvæða skal þó ávalt frestað, þar til er 5 vikur eru liðnar frá kjördegi.

Alþingi, 4. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson,
form.

Árni Jónsson,
frsm.

Jón Guðnason,
fundaskrifari.